

Fimmtudaginn 22. október 1987.

Nr. 295/1986. **Björgúlfur Pétursson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Guðjóni Styrkárssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Víxlar. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1986. Hann krefst þess aðallega, að því verði vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til þrautavara krefst hann sýknu. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda var frávísunarkrafa gerð í héraði. Var henni hafnað með úrskurði 29. september 1986. Ekki hefur þeim úrskurði verið áfrýjað eftir 17. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi hefur engu að síður gert frávísunarkröfu hér fyrir dómi. Telur hann, að óheimilt hafi verið að höfða mál þetta, sem sæti almennri meðferð, á bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem heimilisvarnarþing áfrýjanda sé í Kjósarsýsiu. Greiðslustaður víxlanna er í Reykjavík og mátti því höfða málið, sem er víxilmál, í Reykjavík skv. 82. gr. 3. mgr. laga nr. 85/1936.

Áfrýjandi bendir á, að Útvegsbanki Íslands keypti hina umdeildu víxla og tók síðar við sem greiðslu á þeim innistæðulausum tékka, sem Pétur Ingólfsson s/f hafði gefið út. Með atbeina skiptaráðanda fékk stefndi, sem var ábekingur á víxlunum, þá úr þrotabúi Péturs Ingólfssonar. Hafði áfrýjandi leyst til sín hinn innistæðulausa tékka og afhenti hann þrotabúinu tékkann í víxlanna stað.

Byggja verður á því, að áfrýjandi hafi ekki greitt víxlana, og er hann ekki laus frá skuldbindingu sinni skv. þeim eftir 40. gr. 3.

mgr. víxillaga nr. 93/1933. Ekkert er fram komið um, að hann hafi með öðrum hætti orðið laus undan skuldbindingunni. Varða viðskipti stefnda og Útvegsbanka Íslands um innistæðulausan tékka ekki úrslit máls þessa. Skipti stefnda og protabús Péturs Ingólfssonar voru með þeim hætti, að telja verður að stefndi hafi leyst til sín víxlana. Eftir 47. gr. 3. mgr. víxillaga var stefnda því heimilt að krefjast greiðslu frá áfrýjanda, sbr. og 43., 48. og 50. gr. laganna. Víxlana hefur hann lagt fram í málinu.

Samkvæmt framansögðu verður héraðsdómur staðfestur. Rétt er að áfrýjandi greiði stefnda 44.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Björgúlfur Pétursson, greiði stefnda, Guðjóni Styrkárssyni, 44.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. október 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. október 1986, hefur Guðjón Styrkársson hrl., Aðalstræti 9, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. júní 1986, á hendur Björgúlfi Péturssyni, nnr. 1286-2474, Leirutanga 49, Mosfellssveit.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 141.344,00 ásamt hæstu löglegu dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð, þannig: frá 8. október 1984 2,75% til 1/2/85, frá þ.d. 3,75% til 1/3/85, frá þ.d. 4% til 1/6/85, frá þ.d. 3,5% til 1/9/85, frá þ.d. 3,75% til 1/3/86, frá þ.d. 2,75% til 1/4/86 og frá þ.d. 2,25% til greiðsludags, kr. 356,00 í stimpilkostnað og málskostnað skv. texta LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Sátt var reynd án árangurs.

Stefnandi reisir kröfur sínar á þremur víxlum. Fyrsti víxillinn er að fjárhæð kr. 48.557,00 með gjalddaga 1. október 1984, annar að fjárhæð kr. 50.000,00 með gjalddaga 4. október 1984 og sá þriðji að fjárhæð kr. 42.787,00 með gjalddaga 8. október 1984. Allir eru víxlarnir gefnir út 4. september 1984 af Pétri Ingólfssyni pr. pr. Verslunin Viktoría, Laugavegi

12, Reykjavík og framseldir af sama, en samþykktir af stefnda Björgúlfi Péturssyni til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík. Stefnandi er ábekingur allra víxlanna.

Með tékka útgefnum Pétur Ingólfsson (sic) pr. pr. Pétur Ingólfsson sf. og dags. 3. október 1984 greiddi Pétur Ingólfsson alla víxlana og fékk þá afhenta með greiðslustimpli Útvegsbanka Íslands, dags. þann dag. Tékkinn var útgefinn á hlaupareikning nr. 6150 við Sparisjóð vélstjóra og hafði honum verið lokað þann 1. október 1984. Tékkinn var sýndur 3. október 1984 og áritaður um innistæðuleysi. Samkvæmt áritun á tékkann leysti stefnandi Guðjón Styrkársson hann til sín. Stefndi hefur þannig ekki greitt víxlana. Pétur Ingólfsson var úrskurðaður gjaldþrota þann 7. mars 1985. Hann rak verslunina Viktoríu sem einkafyrirtæki sitt. Þann 9. júní 1986 fékk stefnandi víxlana afhenta úr þrotabúi Péturs gegn afhendingu frumrits tékkans, en hann hafði áður lýst tékkakröfunni í búið. Víxlarnir höfðu verið geymdir með bókhaldsgögnum Péturs hjá Skiptarétti Reykjavíkur.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á lögum nr. 93/1933, 48. gr., sbr. og 40. gr. og 17. kafla laga nr. 85/1936. Fyrir dóminum hefur hann lýst því yfir að afhending hans á tékkanum til þrotabúsins sé afturköllun hans á kröfu í búið. Hann eigi þannig ekki lengur kröfu samkvæmt tékkanum.

Af hálfu stefnda var í upphafi máls gerð krafa um frávisun þess. Með úrskurði uppkveðnum 29. september sl. hafnaði dómurinn þessari kröfu stefnda.

Af hálfu stefnda eru hafðar uppi eftirfarandi efnisvarnir í greinargerð lögmanns hans:

„Þegar umrædd greiðsla fór fram hafði stefnandi að eigin sögn selt Útvegsbanka Íslands alla víxlana, sem fékk þá síðan greidda með þeim hætti að firmað Pétur Ingólfsson sf. greiddi þá með tékka þeim, sem ljósrit er af á dskj. nr. 7.

Vek ég athygli á því að firmað Pétur Ingólfsson sf. var ekki skuldari samkvæmt víxlunum og var eiganda þeirra, Útvegsbanka Íslands, algerlega frjálst að taka við eða hafna greiðslutilboði þessa firma, enda var gjalddagi á tveim af víxlunum ekki einu sinni kominn.

Eins og fram kemur af dskj. nr. 7, var innistæða ekki næg fyrir tékkanum og átti þá Útvegsbanki Íslands völ um það, annars vegar að kæra útgáfu tékkans og krefjast þess að fá víxlana í hendur aftur eða að sætta sig við greiðslu víxlanna og halda sér að eigendum firmans Péturs Ingólfssonar sf.

Ljóst er hvaða afstöðu bankinn tók í þessum efnum. Fram er komið að hann krafði Pétur Ingólfsson sf. um greiðslu og þegar greiðsla kom ekki „innleysti“ stefnandi tékkann til sín og ritaði bankinn þá innlausn á bakhlið tékkans.

Ljóst er því að Útvegsbanki Íslands sætti sig algerlega við greiðslu

firmans Péturs Ingólfssonar sf. á víxlunum og hafði ekki neinar kröfur uppi varðandi víxlana eftir greiðslu þeirra. Skuldbindingar stefnda samkvæmt víxlunum gagnvart Útvegsbanka Íslands voru þar með úr sögunni.

Hvort firmað Pétur Ingólfsson sf. hafi eignast eða eigi kröfu á hendur stefnda er þessu máli óviðkomandi og hirði ég ekki frekar um það hér.“

Ennfremur heldur stefndi fram eftirgreindum sjónarmiðum:

„Við framsal bankans á tékkanum eignaðist stefnandi enga kröfu samkvæmt víxlunum. Það var því löglaust af skiptarétti Reykjavíkur að afhenda stefnanda víxlana í skiptum fyrir tékkann. Skiptaréttur hefir ekkert dómsvald í þessu efni og þetta skapar stefnanda engan rétt og mótmælt hér með.

Ekki verður séð að Útvegsbanki Íslands hafi átt neinn þátt í þessu athæfi og ekkert framsal er á víxlunum frá bankanum. Stefnandi er því ekki einu sinni formlega löglegur handhafi.“

Álit dómsins:

Stefnandi byggir kröfur sínar á formlega löglegum víxlum skv. 1. gr. laga nr. 93/1933. Tékki firmans, Pétur Ingólfsson sf., reyndist innistæðulaus. Stefnandi leysti því sem ábekingur víxlanna tékkann til sín, þar sem sú tilraun til greiðslu víxlanna sem í útgáfu tékkans fólst reyndist árangurslaus. Þegar innheimtutilraunir hans skv. tékkanum báru engan árangur skipti hann á tékkanum og víxlunum sem fundust í gögnum þrotabús Péturs Ingólfssonar. Stefnandi er þannig handhafi víxlanna sem hann hefur greitt sem ábekingur. Telja verður því að stefnandi geti innheimt þá skv. 17. kafla laga nr. 85/1936 sem réttur aðili. Af því leiðir að kröfur hans eru teknar til greina. Krafa stefnanda til vaxta og stimpilkostnaðar hefur ekki sætt sérstökum mótmælum og er hún tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem réttilega þykir ákveðinn kr. 20.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Björgúlfur Pétursson, greiði stefnanda, Guðjóni Styrkárssyni, kr. 141.344,00 með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 8. október 1984 til 1. febrúar 1985, með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 1. apríl 1986,

með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 356,00 í stimpilkostnað og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. október 1987.

Nr.323/1986.

Hólmadrangur hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Sævari Rafni Jónassyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningar. Sjómenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1986 og skyldi málið þingfest 1. desember. Þann dag féll þingsókn niður af hálfu áfrýjanda og gekk útivistardómur samdægurs. Áfrýjandi skaut þá málinu á ný til Hæstaréttar með stefnu 8. desember samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekkert er fram komið um að heimilt hafi verið að lögum að láta stefnda fara í launalaust leyfi 8. september 1984. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, enda deila aðilar hvorki um fjárhæð né vexti.